

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Nefndasvið Alþingis,  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. apríl 2017  
2017040012/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd, dags. 10. apríl sl. þar sem óskað er eftir álti Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál.

Náttúrufræðistofnun telur rétt og eðlilegt að mótuð sé stefnumörkun og aðgerðaráætlun um kolefnishlutlaust Ísland. Að mati stofnunarinnar er ekki raunhæft úr þessu að ljúka við bæði stefnumörkun og aðgerðaráætlunina innan þeirra tímamarka sem sett eru fram í tillögunni. Náttúrufræðistofnun leggur mikla áherslu á að allar aðgerðir sem eru til þess ætlaðar að draga úr losun, binda eða koma í veg fyrir losun koltvísýrings eða annarra gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið taki tillit til þess að aðgerðirnar sjálfar séu ekki þess eðlis að þær raski lífríki landsins eða gangi þvert á vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þetta verður að tryggja við gerð stefnumörkunar og aðgerðaráætlunar.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Trausti Baldursson

